

Tuliníus fyrir aukaréttinum um þessa upphæð, og vár málum þessum ráðið til lykta með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 3. júní 1904 á þá leið, að gagnstefnandi Snorri Jónsson skyldi greiða aðalstefnanda Rolf Johansen fyrir hönd Thor E. Tuliníusar stórkaupmanns 1214 kr. 53 a. með 6% vöxtum frá sáttakæru-
degi 3. júní 1903 til borgunardags og í málskostnað 50 kr.

Dómi þessum hefir kaupmaður Snorri Jónsson á Akureyri skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 17. marz í. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að aukaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 309 kr. 02 a. með 6% vöxtum frá gagnstefnudegi og að hann verði sektaður fyrir ólöglega sölu á síld, en að áfrýjandi verði algjörlega syknaður af kröfum stefnda fyrir undirréttinum; til vara hefir hann haldið því fram, að úrslit málsins, að því er aðalþátt þess snertir, yrðu látin vera komin undir eiði hans; svo krefst hann og þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Að því leyti áfrýjandi hefir gjört enn viðtækari kröfur fyrir yfirdóminum, geta þær eigi komið til álita, með því að þær að svo miklu leyti fara út fyrir kröfur hans fyrir aukaréttinum. Af sinni hálfu hefir stefndi krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og að honum verði tildæmdur nægilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Það er engin deila milli málsaðilanna út af viðskiftum þeirra alt fram að 1. jan. 1900, en ár þetta höfðu þeir allmikil viðskifti, og greinir þá á um það, hvernig viðskifti þessi voru vaxin, en af þeim ágrein-

íngi er málið aðallega risið. Kemur þetta einkanlega og aðallega fram að því er snertir meðferð stefnda og sölu á 127 tn. sildar, er áfryjandi sendi honum í nóv. 1900, þar sem stefndi að eins færði honum til inngjalda $\frac{1}{3}$ af andvirði sildarinnar (831 kr. 62 a. af 2494 kr. 86 a.), Stefndi þykist hafa haft rétt til þessa, með því að félagsskapur hafi þá verið milli hans og áfryjanda um nótabruk og úthald og sildar kaup og hafi sild þessi verið félagssild, en þessu neitar áfryjandi; segir að að visu hafi það komið til tals að stofna svofeldan félagsskap, en ekkert hafi orðið úr því, af því að stefndi hafi eigi gengið að skilmálum þeim, er áfryjandi setti. Stefndi hefir á hinn bóginn staðhæft það, að áminstur félagskapur hafi komist á í júní 1900, og hafi hann verið þannig vaxinn, að áfryjandi, stefndi og bróðir hans Carl Tulinius, sem síðar er látinn, skyldu vera í félagi um nótaúthald og nótabruk og um sildar kaup, þannig að stefndi hefði helming nótaúthaldsins, en áfryjandi og Carl Tulinius $\frac{1}{4}$ hlut hvor þeirra, en af keyptri sild skyldu þeir hafa sinn þriðjunginn hver. Áfryjandi skyldi standa fyrir nótaúthaldinu og sildar kaupunum fyrir félagsins hönd. Samkvæmt þessu hafi áður nefnd sild verið félagsins eign, en eigi áfryjanda eins, og geti hann því eigi gjört kröfu til frekara en þriðjungs andvirðisins, sem honum hafi verið talinn til inngjalda í viðskiftareikuingi stefnda. Stefndi kannast við það, að skriflegir samningar um félagsskapinn hafi eigi verið gjörðir, en staðhæfir það, að efni samningsins, sem aðeins var munnlegur, hafi verið eins og hér er tilgreint, og að engir frekari skilmálar hafi verið samþykktir eða settir, áfryjanda í hag, enda hafi hann gengið að samn-

ingnum án frekari skilyrða. Til þess að sanna, að svo-
feldur samningur hafi komist á, hefir stefndi sumpart
leitt votta í málinu, sumpart borið fram önnur sönn-
unargögn. Vitnið Jón Stefánsson, sem þá var verzl-
unarþjónn áfryjanda, ber það og hefir staðfest það með
eiði, að hann hafi í júnímánuði 1900 verið kallaður inn
til áfryjanda, þar er Carl Tulínus þá var staddur, og
hafi þeir, áfryjandi og Tulínus, þá sagt sér, að þeir
væru búnir að koma sér saman um félagsskap með
sildarveiði og sildarkaup, og að félagsskapurinn hafi
verið svo vaxinn, eins og að framan er frá skýrt; vitni
þetta þykist muna glögt, hvað á milli þeirra fór, með
því að það hafi álitnið sig til kallað sem vitni, og hafi
því hugfest orðin, sem töluð voru. Vitnið verzlunar-
stjóri Ragnar Ólafsson hefir borið það og staðfest það
fyrir rétti, að hlutaðeigendur sjálfir hafi sagt honum frá
því, að áfryjandi, stefndi og Carl Tulínus væru í fé-
lagsskap árið 1900 með nótaúthald, þannig að stefndi
ætti helminginn en hinir tveir sinn fjórða partiun hvor
og að hinir sömu væru þá í félagsskap um sildarkaup
að $\frac{1}{3}$ hluta hver þeirra. Í bréfi 12. júní 1900 skrifar
áfryjandi til stefnda á þessa leið: »og get eg sagt sem
svo, að samningur er um það bil að komast á milli
okkar«, en hér getur eigi verið um annan samning að
ræða en félagssamninginn, enda skrifar Carl Tulínus
stefnda hinn 17. s. m., að hann hafi samið við áfryj-
anda (»traf jeg den Aftale« o. s. frv.) Hinn 23. sept.
1900 skrifar áfryjandi til C. Tulínus, talar í því bréfi
um nýja húsið okkar á Bjargi, og sýnist orð-
ið »okkar« hljóta að eiga við félagið; í niðurlagi sama
bréfs segir hann: »Þú verður að koma með »Inga«

og þá verðum við að gjöra skriflegan samning með okkur um síldarúthaldið, því það getur ekki gengið svona til lengdar«; þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að síldarúthaldið hafi þá verið í félagi, þó að eigi hafi verið búið að semja skriflega um það. Enn er vitnisburður kaupmanns Friðriks Kristjánssonar; hann ber það fyrir rétti, að hann hafi þekt vel þetta nótaúthald áfrýjanda og stefnda á Bjargi, og að það hafi þá ýmist verið kent við áfrýjanda eða stefnda, ýmist kallað nótabruk Snorra eða Tuliniusar, og þeir kallaðir eigendur þess. Bréf áfrýjanda dags. 12. nóv. 1900, er hann þá ritaði stefnda með síldinni, sem áður er um getið, sannar það eigi með neinu móti, að félagsskapur hafi eigi gjörst með málsaðilum í júnímánuði næst á undan, og af bréfinu þarf eigi að leiða frekara en það, að áfrýjandi hafi þá (í nóv.) eigi viljað hlíta samningnum, og að hann að minsta kosti hafi eigi viljað láta áminsta síld (líðugar 100 str. tunnur, segir í bréfinu) koma undir samningsákvæðin. En eftir skýrslum málsins virðist eigi leika vafi á því, að nefnd síld hafi átt að falla til félagsins, svo framarlega áfrýjandi var bundinn greindum félagssamningi.

En þó að þannig séu miklar líkur komnar fram í málinu fyrir því, að áfrýjandi hafi gjört félagssamning um nótaúthald og síldarkaup við stefnda í júnímánuði 1900, sýnist þetta þó eigi fullsannað gegn eindreginni og stöðugri neitun hans, en úrslit málsins virðast að þessu leyti verða að vera komin undir eiði hans, þannig, að svo framarlega hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi gjört margnefndan samning, skal hann vera sýkn fyrir skuldakröfu stefnda, og auk þess eiga

rétt tilkall til kröfu-upphæðar sinnar 309 kr. 02 a., með því að þessar upphæðir samanlagðar (1214 kr. 58 a. + kr. 309 02=kr. 1523, 55) eigi fara fram úr sildarandvirðinu, sem áfrýjandi gjörir kröfu til, (1663 kr. 24 a.), en eins og málið hefir verið fært fyrir báðum réttum, verður eigi tekið tillit til mismunarins né áfrýjanda til-dæmdur hann. Svo bera honum þá og 6% vextir af greindri upphæð (309 kr. 02 a.) frá gagnstefnudegi 22. júlí 1903 til borgunardags, en málskostnaður skal þá falla niður, og engin ástæða er til þess að sekta stefnda fyrir ranga sölu á síld, eins og krafist hefir verið af áfrýjanda. En vinni áfrýjandi eigi synjunareiddinn, verður þetta atriði málsins að fá sömu úrslit hér fyrir réttinum, eins og í héraðsréttinum. Og eigi getur hann þá heldur fengið dóm fyrir margnefndum 309 kr. 02 a. með því að þessi ágóða-upphæð aðallega er komin fram við það, að áfrýjandi í reikningi sínum telur sér með tekjum ofannefnt sildarandvirði (1663 kr. 24 a.). Þá verður og að samþykkja málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, er þannig verður staðfestur í öllum greinum, og það sýnist einnig rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega áfrýjandi Snorri kaupmaður Jónsson eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi í júnímánuði árið 1900 gjört þann félagssamning, sem ræð-

ir um að framan í dómi þessum, við stefnda stórkaupmann Thor E. Tulinius og bróðir hans Carl heitinn Tulinius, eða við nefndan Carl Tulinius fyrir hans eigin hönd og bróður hans Thor E. Tulinius, þá skal hann vera sýkn fyrir kröfum stefnda stórkaupmanns Thor E. Tuliniusar í máli þessu, og skal stefndi þá greiða honum, áfrýjanda, 309 kr. 02 a. með 6⁰/₁₀ vöxtum frá gagnstefnudegi þangað til borgun fer fram, en málskostnaður skal falla niður.

Vinni áfrýjandi aftur á móti eigi áminstan eið, skal hinn áfrýjaði aukaráttardómur vera óraskaður í öllum greinum, og áfrýjandi skal þá greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 60 kr.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 44/1905:

Oddur Gíslason
gegn
Péttri Brynjólfssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, ljósmyndari Pétur Brynjólfsson, lögsótti í héraði áfrýjandann málaflutningsmann Odd Gíslason til lúkningar á skuld fyrir ljós-